

Samtal yfir tíma og rúm

● Sýning þriggja listamanna opnuð í Gerðarsafni í tengslum við Gerði

Porgrímur Kári Snævarr
thorgrimur@mbl.is

„Þessi sýning byggir á hugleiðingum um það hvernig hugmyndir og túlkningar breytast,“ segir Brynja Sveinsdóttir, verkefnastjóri í Gerðarsafni í Kópavogi, um sýninguna *Innra, með og á milli* eftir myndlistarkonurnar Theresu Himmer, Emily Weiner og Ragnheiði Gestsdóttur. „Sérstaklega byggir hún á því hvernig maður kemur hlutum til skila á milli landa-mæra, tungumála og jafnvel tíma.“

Þrjár ólíkir listamenn

Theresa, Weiner og Ragnheiður eru hver frá sínu landinu og með ólíkan listrænan bakgrunn. Þessi sýning, líkt og fyrri sýning þeirra í Brooklyn fyrir tveimur árum, er eins konar samtal milli listamanna þriggja. „Við Ragnheiður og Emily vorum í sama myndlist-

arskóla í New York og hittumst þar árið 2011,“ segir Theresa, sem er frá Danmörku en búsett á Íslandi. „Þetta verkefni byrjaði eiginlega 2015 þegar við fórum að deila á meðal okkar hugmyndum um ólínu- legar tímarásir og hvernig tákni og merki ferðast um menningarheima þar sem þau eru notuð í ólíku sam- hengi. Þetta varð að samsýningu okkar í Soloway-gallerí í Brooklyn haustið 2015. Við vildum allar endi- lega halda áfram þessu samtali ok- kar.“

Á sýningunni í Gerðarsafni hefur mikilvægur listamaður bæst í hóp þremmenninganna en það er Gerður sjálf. Gerði Helgadóttur (1928-1975) er hér boðið að taka þátt í samtali listamanna og kallast verk þeirra á sýningunni því á við störf og ævi Gerðar.

„Ég held að sambandi Gerðar- safnsins og ævi Gerðar hafi skipt miklu máli í ramma sýningarinnar



Kátar Malene Dam með Theresu Himmer og syni hennar, David Mána, Emily Weiner og Ragnheiði Gestsdóttur.

og hafi gert uppsetninguna að tals- verðri áskorun,“ segir Malene Dam sýningarstjóri. Dam starfar í Kaup- mannahöfn og hefur einkum stýrt sýningum sem huga að líðandi stund og fémínískri eða hinsegin túlkun á mannkynssögum.

„Hvernig setur maður upp samtal þriggja nútímalistamanna við mann- eskju sem er ekki lengur á lífi en skildi eftir sig mjög margbreytileg verk?“ spyr hún sig. „Mér finnst við hafa gert það á mjög spennandi hátt, með því að finna það sem okkur fannst áhugavert og fannst tengjast listamönnum í verkum Gerðar. Allar þrjár tala þær sínu eigin myndmáli og nálgast listina hver á sinn máta. Við sjáum samtal þessara hugsunarmáta og hvernig þeir leitast allir við að lesa í tíma og rúm. Öll verkin á sýningunni vísa til þess hvernig hlutir ferðast í gegnum tíma og rúm og verða hluti af samtölum Þannig verður Gerður hluti af samtalinu.“

Samtal milli jafningja

„Ég nálgast þetta með miklu til- líti til rýmisins,“ segir Theresa, sem er menntuð í arkitektúr. „Það skipti okkur allar máli að samtalið við Gerði yrði samtal milli jafningja. Það átti ekki að setja Gerði upp á stall og tengjast henni á „lóðréttan“

hátt byggðan á kynslóðabili og arf- leifð. Ég hafði áhuga á því hvernig saga Gerðar væri túlkuð og sögð; hvernig safnið heldur nafni hennar á lofti og þá leið sem arkitektinn fer í að búa til umgjörð um verk hennar. Hvernig er hægt að túlka safn- rýmið sem rammann um ævi og störf Gerðar?“

Theresa segist hafa leitað til vina Gerðar og þá sérstaklega til Elínar Pálmadóttur sem ritaði ævisögu hennar. „Ég ætla að sýna ljós- myndir af verkum Gerðar í heim- ilislegu og persónulegu umhverfi. Til dæmis er mjög persónulegt safn smáskúlpúra eftir Gerði í íbúð Elínar. Mér finnst áhugavert hvern- ig húsrýmið verður ramminn utan um verkin; hvernig verkin verða leikmunir í persónulegri frásögn þegar þeir birtast í heimilrími sem ber öll merki þess að þar sé líf- að góðu lífi.“

Safnið var þó einnig notað. „Ég tók upp myndband í sýningarsal- num þar sem ég tek fyrir nálgun Gerðar á hugmyndir heimspekings- ins George Gurdjieff, sem hafði mikil áhrif á listahreyfinguna í París þegar Gerður var þar. Gurdjieff skipulagði hugmyndir sínar eftir svokölluðu „enneagrami“ sem ég teiknaði inn í salsrýmið. Í mynd- bandinu dansar Saga Sigurðardóttir

í kringum táknið á gólfinu hugleið- ingardans í anda Gurdjieff. Með þessu móti skapast tengsl milli hug- myndafræði Gerðar og safnhúsnæð- isins, sem okkur fannst of ótengt Gerði og verkum hennar.“

Tákni í tíð og tíma

„Við vorum allar að hugsa um það hvernig hægt væri að miðla merk- ingum á milli kynslóða, menninga og tímabila,“ segir Emily Weiner, sem er bandarísk og menntuð í mál- aralist, „og hvernig tákni sem eiga sér mörg hundruð ára sögu geta skotið upp kollinum í nútíma- menningu. Merkingin sem miðlað er gæti verið trúarleg, heiðin eða táknræn – mörg þessara málverka eru mjög fjölræð.“

Weiner tekur eitt málverka sinna til dæmis. „Lítum á þessa píramídam- mynd og þríhyrningstáknið. Þrí- hyrningurinn er í sinn valdatákn fyrir píramídan en finnst einnig á endurreisnartímanum í myndbyggingu Mónu Lísu og aftan á hverjum einasta bandaríska dollaraseðli sem ramminn utan um hið alsjáandi auga Guðs. Hvernig birtast sömu táknið hvað eftir annað í ólíkum menningarheimum á ólíkum tíma- bilum?“

Með táknum vísar Weiner einnig í líf Gerðar og á við hana



Nærvera „Ég finn fyrir nærveru Gerðar í vinnustofunni,“ segir Weiner.

samtal um listasögu, t.d. með því að vísa til ferðar hennar til Egypta- lands með píramídamyndinni. „Þetta fer fram og aftur milli þess að hafa hana til samhengis fyrir verk hennar og verk hennar sem stoðir undir hugmyndir hennar og reynslu,“ segir Weiner. „Þetta hef- ur nánast verið eins og að vinna með henni persónulega. Ég finn fyrir nærveru Gerðar í vinnustofunni minni.“

Af þrjústmyndum og stigagöngum

Á sýningunni velta listamennirnir einnig fyrir sér mannkynssögum, hvað fær að vera hluti af henni og hvað ekki. „Mér finnst áhugavert að taka fyrir listasögu og hræfni,“ segir Ragnheiður. „Á Íslandi byrjar sagan öll árið 874 þegar víkingarnir koma. Þar byrjum við okkar tíma- tal. Samt tengjum við okkur við Grikki, Rómverja og aðrar forn- þjóðir við Miðjarðarhafið. En á Ís- landi eigum við engar rústir eða forngrípi sem tengja okkur við þá menningarsögu, ekki einu sinni byggingarefni. Ég sé þó tilvísanir í hana í þessari byggingu, sem mér finnst áhugavert. Við búum til þessa frásögn til að styrkja mynd okkar um það hvaðan við komum og hvert við stefnum.“

Í sýningarsalnum hefur Ragn- heiður stillt upp tveimur sjónvarps- skjáum hlið við hlið til að kanna þessi íhugunarefni í sambandi við verk Gerðar. Á öðrum skjánum er upptaka af marmarabréttmynd eftir Gerði sem höfð er í geymslu Gerðarsafns og hefur sjaldan verið



Áfram „Við viljum almennt að sag- an fari áfram,“ segir Ragnheiður.

sýnd almenningi. Á hinum er upp- taka af stigagangi í ónefndri íbúð í Beirút þar sem Ragnheiður var í vinnustofudvöl í fyrra.

„Í myndbandinu til hægri eru marmaratröppur,“ segir Ragnheiður. „Við notum þetta byggingarefni lítið á Íslandi. Ekki nema maður eigi peninga. En sunnan við Evrópu og annars staðar í heiminum sér maður marmara úti um allt, líka á stigagangi þar sem fólk hendir rusl- inu sínu. Myndavélin fer upp og aft- ur á bak en við viljum almennt að sagan fari áfram. Við gerum okkur hugmyndir um framfarir, um að fara inn í rými og að kortleggja það svo við getum átt það.“

Listakonurnar þrjár eru sammála um að sýningin sem þær hafa sett upp hafi upp á margt að bjóða og sé túlkunleg á fleiri en eina vegu. Sýningin verður opnuð í dag kl. 15 í Gerðarsafni og stendur til 20. ágúst.

Söfn • Setur • Sýningar



LISTASAFN ÍSLANDS

FJÁRSJÓÐUR ÞJÓÐAR 7.4.2017 - 31.12.2019

Valin verk úr safneign

HRAFNHILDUR ARNARDÓTTIR / SHOPLIFTER

Taugafoföld VII / Nervescape VII 26.5. - 22.10. 2017

STEINA - ELDRÚNIR (PYROGLYPHS) 4.3. - 20.8.2017

VASULKA-STOFA Miðstöð fyrir raf- og stafræna list á Íslandi

SAFNBÚÐ - Listrænar gjafavörur

Pastel - útgáfuhófi í safnbúð Listasafns Íslands. Sunnudaginn 4. júní kl. 14.

KAFFISTOFA - Ljúffengar veitingar

Frikirkjuvegi 7, 101 Reykjavík, sími 515 9600, www.listasafn.is.

Listasafn Íslands er opið alla daga kl. 10-17.

LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

SAMSKEYTINGAR 3.9.2016 - 17.09.2017

Opið daglega kl. 14-17, lokað mánudaga. Laugarrestanga 70, sími 553 2906, www.iso.is

Kaffistofa – heimabakad meðlæti.

SAFN ÁSGRÍMS JÓNSSONAR

ÓGNVEKJANDI NÁTTÚRA 2.10.2016 - 14.9.2017

Opið þriðjudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 14-17.

Bergstaðastræti 74, sími 561 9616, www.listasafn.is



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41, s. 530 2200, www.thodminjasafn.is • www.facebook.com/thodminjasafn

Opið alla daga frá 10-17.

Sýningaropnun í Myndasal laugardaginn 3. júní kl. 14: Fuglarnir, fjörðurinn og landið. Ljósmyndir Björns Björnssonar Hugsað heim – Inga Lís Middleton

Þjóð verður til – Menning og samfélag í 1200 ár grunnsýning Þjóðminjasafnsins

Fuglarnir, fjörðurinn og landið í Myndasal

Ísland í heiminum, heimiran í Íslandi í Rosasal



Samstillt Marta, Arnhildur og Einar.

Frjáls eins og fugl- inn í síðasta sinn

Síðustu tónleikarnir að sinni í tón-

Áleitinn værdarstef

Tómas Jónsson er ein af vonarstjörnum hins ís- lenska djass, en plata hans, samnefnd honum og auk þess hans fyrsta, læðist lymaskulega undir skinnið á hlustandanum.

TÓNLIST

leikum og á hljómplötum, héraendis og erlendis og sem dæmi hefur

